

SAMSTARFSSAMNINGUR UM ALMANNAVARNIR

Í UMDÆMI LÖGREGLUSTJÓRANS Á NORÐURLANDI EYSTRA

skv. ákvæðum laga um almannavarnir nr. 82/2008

Aðilar að samningi þessum eru: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Norðurþing, Tjörneshreppur, Langanesbyggð og Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra.

I. Kafli

Umboð, hlutverk og skipulag

1.gr.

Almannavarnarnefnd í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra (ALNEY) er starfrækt sameiginlega af þeim sem aðild eiga að samningi þessum. ALNEY fer með málefni almannavarna í héraði skv. lögum nr. 82/2008 í umboði viðkomandi sveitarfélaga og lögreglu, eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.

Aðsetur og varnarþing ALNEY er á Akureyri.

2.gr.

Í ALNEY eiga sæti lögreglustjóri, bæjarstjórar/sveitarstjórar/oddvitar þeirra sveitarfélaga sem að samstarfssamningnum standa. Varamenn þeirra eru staðgenglar þeirra.

Auk þess eiga sæti í nefndinni yfirlögregluþjónn og slökkviliðsstjórnir hjá Akureyrarbæ og Norðurþingi. Varamenn þeirra eru staðgenglar þeirra.

Ráði nefndin starfsmann á hann einnig sæti í nefndinni.

Yfirlögregluþjónn, slökkviliðsstjórnar og starfsmenn sitja fundi nefndarinnar og hafa tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Nefndin getur ákveðið að fleiri aðilar eigi sæti í nefndinni sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis hins almenna borgara.


3.gr.

ALNEY starfar á grundvelli gildandi laga og reglugerða um almannavarnir á hverjum tíma. Helstu hlutverk hennar eru:

- i. Að móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði.
- ii. Að vinna að gerð hættumats og viðbragðsáætlunum, í samráði við ríkislögreglustjóra.
- iii. Að endurskoða hættumat og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við ríkislögreglustjóra.

4.gr.

Starfstímabil ALNEY er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Samningsaðilar skulu tilkynna um fulltrúa sína og staðgengla þeirra til lögreglustjóra eða starfsmanns nefndarinnar að afloknum fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar.



Verði breytingar á mönnun embætta sem gefa rétt til setu í ALNEY á kjörtímabilinu skal samningsaðili tilkynna þær til formanns ALNEY svo fljótt sem verða má.

5. gr.

ALNEY starfrækir tvær aðgerðarstjórnir, eina á Akureyri og eina á Húsavík sem hafa yfirumsjón með og samhæfa aðgerðir ef upp kemur almannavarnarástand á starfsvæðinu. Skipan aðgerðarstjórnar skal ákveðin í samræmi við 11. gr. laganna. Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð.

Þá starfrækir ALNEY vettvangsstjórnir eftir því sem þurfa þykir, sem stýra aðgerðum komi til almannavarnarástands, náttúruhamfara, slysa eða óveðurs í umdæminu. Lögreglustjóri sér um skipan þeirra og tilnefnir vettvangstjóra sem fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi. Vettvangsstjórnir lúta stjórn aðgerðarstjórnar ef hún kemur saman vegna almannavarnarástands sem uppi er.

II. Kafli

Starfshættir og fundir

6. gr.

ALNEY skal funda að lágmarki tvisvar sinnum á ári og oftár ef þurfa þykir. Lögreglustjóri sér um að kalla saman nefndina til fyrsta fundar, þar sem hún kýs sér formann, varaformann og ritara. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, undirbýr og boðar fundi. Sé starfsmaður hjá nefndinni undirbýr hann og boðar fundi í samstarfi við formann nefndarinnar. Ritari nefndarinnar sér um að rita fundargerð sé starfsmaður nefndarinnar ekki viðlátinn.

Fundir skulu boðaðir með minnst tveggja daga fyrirvara. Þó er heimilt að boða fund með styttri fyrirvara ef þurfa þykir. Skylt er að boða til fundar ef meirihluti fulltrúa æskir þess.

Fundarboð skal að jafnan vera skriflegt og því skal fylgja dagskrá og nauðsynleg fundargögn.

7. gr.

Allir fulltrúar sveitarfélaga og lögreglustjóri hafa atkvæðisrétt í nefndinni. Vægi atkvæða fer eftir fólksfjölda og er eftirfarandi:

0-2999 íbúar 1 atkvæði,

3000-5999 íbúar 2 atkvæði,

6000 og fleiri íbúar 3 atkvæði.

Lögreglustjóri hefur 1 atkvæði.

8. gr.

Rita skal fundargerðir eftir hvern fund. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur var haldinn, dagskrá fundar og hvenær honum er slitið. Í fundargerð skal skrá helstu efnisatriði máls, tillögur sem fram eru bornar og niðurstöður nefndarinnar. Óski fulltrúi eða fulltrúar eftir að leggja fram sérstaka bókun skal orðið við því.

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom of the page. The signatures are somewhat stylized and include the letters 'A', 'At', 'P', 'S', 'F', 'B' and some numbers like '215'.

Eftir fund skal fundargerð send út til fundarmanna með tölvupósti þar sem þeir geta gert athugasemdir við fundargerð. Ef ekki koma athugasemdir telst fundargerðin samþykkt. Sé gerð athugasemd skal hún send út að nýju með upplýsingar um athugasemdir.

Lögreglustjóraembættið mun varðveita fundargerðir og önnur skjöl sem tilheyra nefndinni í skjalasafni sínu.

III. Fjármál

9.gr.

ALNEY skal árlega gera tillögur um fjárhagsáætlun sem leggja skal fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar. Tillögur skulu liggja fyrir áður en sveitarfélög ljúka fjárhagsáætlunum sínum. Héraðsnefnd getur komið fram fyrir hönd sveitarfélaga sé þess óskað.

10.gr.

Tekjur ALNEYJAR eru eftirfarandi:

1. Framlög frá aðildarsveitarfélögum skv. fjárhagsáætlun.
2. Önnur framlög og styrkir.

Framlög aðildarsveitarfélaga samkvæmt fjárhagsáætlun skulu skiptast á milli þeirra miðað við íbúafjölda í upphafi árs skv. tölum Hagstofu Íslands og greiðast til fjársýsluaðila sbr. 11. gr.

11.gr.

ALNEY er aðeins heimilt að taka lán vegna starfseminnar eða skuldbinda nefndina fjárhagslega að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitastjórna, nema brýna nauðsyn vegna almannavarnaástands beri til. Hvert sveitarfélag ber ábyrgð á skuldbindingum nefndarinnar miðað við meðaltal gjaldskylduhlutfalls síðustu þriggja ára.

12.gr.

Fjármálaumsýsla vegna nefndarinnar, þ.e. fjárreiður, útreikningur og greiðsla launa o.þ.h. skal vera í höndum aðila sem nefndin tilnefnir í það starf. Reglulega skal gera fulltrúum nefndarinnar grein fyrir ráðstöfun fjár og fjárhagsstöðu.

13.gr.

Samstarfssamningur þessi er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

14.gr.

Rísi ágreiningur um efni samningsins eða efndir, skal leitast við að ná sátt um málið. Dómsmál skulu höfðuð fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra.

15.gr.


Samstarfssamningur þessi tekur gildi við samþykkt sveitarstjórna allra samningsaðila.

Húsavík 21. september 2022

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom of the page. The signatures are somewhat illegible but appear to include 'AT', 'FK', 'FB', and 'EIS'.


Undirskriftir f.h. sveitarfélaganna í stafrófsröð:

F.h. Akureyrarbæjar



Bæjarstjóri

F.h. Dalvíkurbyggðar




Sveitarstjóri

F.h. Eyjafjarðarsveitar



Sveitarstjóri

F.h. Fjallabyggðar



Bæjarstjóri

F.h. Grýtubakkahrepps



Sveitarstjóri

F.h. Hörgársveitar



Sveitarstjóri

F.h. Langanesbyggðar




Sveitarstjóri

F.h. Norðurþings



Sveitarstjóri

F.h. Svalbarðsstrandahrepps




Sveitarstjóri

F.h. Tjörneshrepps




Oddviti

F.h. Þingeyjarsveitar



Sveitarstjóri

F.h. Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra



Lögreglustjóri

